

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækjun lifeyris).

Flm.: Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Guðmundur Andri Thorsson,
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Einar Káráson,
Guðjón S. Brjánsson, Páll Valur Björnsson.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. skulu bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., hækka í samræmi við almennar hækkanir lægstu launataxta samkvæmt lífskjarasamningi 2019–2022.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greiðslurnar

Frumvarp í sama dúr var lagt fram á 145. löggjafarþingi (3. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Málið er nú lagt aftur fram með breytingum sem taka mið af nýundirrituðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru 3. apríl 2019 og samsvarandi breytingum á röksemendum í greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga fylgi þróun lægstu launataxta í samræmi við kjarasamninga og verði 390 þús. kr. árið 2022. Greiðslurnar fari stighthækkandi fram til 2022 með hliðstæðum hætti og lægstu laun samkvæmt kjarasamningum. Markmið þessa frumvarps er að aldraðir og öryrkjar fái mannsæmandi greiðslur til framfærslu.

Ljóst er að stór hópur aldraðra og öryrkja býr við fátækt. Tæplega fjórðungur öryrkja býr við skort á efnislegum gæðum samkvæmt nýjustu rannsóknum Hagstofu Íslands og eru örorkjar sá hópur sem verst stendur þegar þátttakendur eru greindir eftir atvinnustöðu. Frá árinu 1998 hefur kjaragliðnun öryrkja numið 59,4% samkvæmt tolum sem unnar hafa verið fyrir málefnahóp Öryrkjabandalags Íslands um kjaramál.

Staðan er nú þannig að þúsundir lífeyrisþega ná ekki viðmiðum um lágmarkslífeyri og fá þar af leiðandi sérstaka uppbót til framfærslu.

Til grundvallar þeim hækjunum sem lagðar eru til í frumvarpinu liggja hækkanir samkvæmt kjarasamningi milli Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 3. apríl 2019, sem ætlað er að gilda til ársloka 2022. Í samningnum er miðað við stighthækkandi laun á samningstímanum og að lægstu launataxtar verði 390 þús. kr. á mánuði árið 2022.

Samkvæmt kjarasamningum voru lágmarksblaun hækkuð í 317 þús. kr. á mánuði 1. apríl 2019 og eiga að hækka um 73 þús. kr. til viðbótar til ársins 2022. Boðuð hækjun lifeyris almannatrygginga í fjármálaáætlun er langt frá því að ná fyrrgreindum markmiðum. Lágmarksframfærslutrygging þeirra sem fá örorku- og endurhæfingarlífeyri er 247.183 kr. hjá þeim

sem fá ekki greidda heimilisuppbót. Hámarksífeyrir með öllum tengdum greiðslum er 310.800 kr. á mánuði í ár en ljóst að margir ná ekki þeirri upphæð.

Lagt er til að upphæðin þróist með eftirfarandi hætti:

- | | |
|----------------|-----------------------|
| 1. apríl 2019 | 317.000 kr. á mánuði. |
| 1. apríl 2020 | 341.000 kr. á mánuði. |
| 1. janúar 2021 | 365.000 kr. á mánuði. |
| 1. janúar 2022 | 390.000 kr. á mánuði. |

Samhliða breytingum sem lagðar eru til þarf að draga úr vægi tekjuskerðingar vegna sérstakrar uppbótar á lífeyri (krónu á móti krónu skerðingu) sem kveðið er á um í lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Gert er ráð fyrir að breytingar á fjárhæðum til samræmis við frumvarpið verði birtar í reglugerðum.